

Sp.

921. Tillögur

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að framfylgja stranglega fyrirmælum reglugerðar 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil o. fl.
2. Að ganga ríkt eftir, að umboðsmenn þjóðjarða innheimti jarðaratgjöld í tæka tíð, og gæti þess að lögtaksréttur gjaldanna glatist ekki.
3. Að gæta þess, að reikningshaldarar opinberra stofnana semji reikninga þeirra sem greinilegasta og samkvæmasta ákvæðum fjárlaganna.
4. Að láta þess getið í athugasemdum við landsreikninginn, ef tollur er endurgreiddur, hvort heldur af því, að hann er feldur niður eða innheimtur í öðru lögsagnarumdæmi.
5. Að láta hinni árlegu skrá yfir eftirlaun prestsekkna, sem greidd eru úr landssjóði, fylgja fullnægjandi skýringar um viðauka og breytingar, er orðið hafa síðan næsta ár á undan.
6. Að taka til endurskoðunar fyrirkomulagið á reikningsskilum landssjóðs, og breyta því í þá átt, að landsreikningarnir hafi að geyma sem fylst og glöggast yfirlit yfir allan fjárhag landssjóðsins, ekki að eins um tekjur og útgjöld, heldur einnig um eignir og skuldir landsins.
7. Að sjá um, að landsreikningurinn verði eftirleiðis árlega afgreiddur til yfirskoðunarmanna í tæka tíð, svo að nægur tími vinnist til allrar yfirskoðunarinnar, áður en alþingi kemur saman.
8. Að annast um, að auk hinna sérstöku reikninga Byggingarsjóðsins, Fiski-veiðasjóðsins og Ræktunarsjóðsins, verði hinn árlegi reikningur Kirkjujarðasjóðsins ásamt fylgiskjölum afhentur yfirskoðunarmönnum til athugunar, eftir að hann hefir verið yfirfarinn af hinni umboðslegu endurskoðun.